

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Ellisif Malmo Bjarnadóttir  
Árnesi  
801 Selfoss

Reykjavík, 23. september 2024  
UST202409-140/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Skeiða - og Gnúpverjahrepps vegna verslunar- og þjónustu í Skógarlundi.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2014-2029 er barst 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða - og Gnúpverjahrepps vegna verslunar- og þjónustu í Skógarlundi.

Í greinargerð kemur fram að markmið með breytingunni er að skilgreina nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu fyrir uppbyggingu á gistipjónustu ferðamanna. Breytingin tekur til 40,4 hektara svæði sem er nú skilgreint sem skógræktarsvæði en verður með breytingunni skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu með allt að 70 gistikofum.

### **Hraun**

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið er á svæði sem skilgreint er sem hraun og nefnist það Þjórsárhraun.<sup>1</sup>

Umhverfisstofnun bendir á að nútímahraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

---

<sup>1</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

## Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að ef gert er ráð fyrir að framkvæmdin og/eða starfsemin geti valdið álagi á vatn þarf að meta áhrifin í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.<sup>2</sup>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**

---

<sup>2</sup> <http://vatn.is/>